

Grein I

Nefndir ÍSS

Eftirfarandi fastanefndir skulu starfa innan ÍSS: Val-/Afreksnefnd, Dómara- og tækninefnd, Laganefnd og Þjálfaranefnd.

Stjórn ÍSS er heimilt að skipa aðrar nefndir til einstakra verkefna hverju sinni.

Formenn fastanefnda ÍSS skulu kosnir á skautaþingi til tveggja ára í senn nema Laganefndar sem skal skipuð skv. reglugerð um Laganefnd. Stjórn ÍSS skipar til viðbótar, í samráði við formenn hlutaðeigandi nefnda, tvo til fjóra nefndarmenn. Val-/Afreksnefnd skal skipuð fagfólki, að lágmarki að meirihluta og skulu nefndarmenn vera einstaklingar óháðir einstökum iðkendum eða félögum. Dómara- og tækni nefnd og Þjálfaranefnd skulu skipaðar fagfólki eingöngu.

Formenn nefnda boða fundi og stýra þeim. Nefndir hafa ekki sérstakan fjárhag en hafa ákvörðunarvald og bera ábyrgð á verkefnum/vali. Ábyrgðin er á nefndum en með samþykki stjórnar ÍSS og því getur stjórn ÍSS krafist nánari útskýringa á niðurstöðum nefnda.

Starfstímabil fastanefnda er fram að næsta skautaþingi.

Tillögur / Framboðum til formanna fastanefnda skal skila til ÍSS 3 vikum fyrir skautaþing. Hægt að bjóða sig fram á skautaþingi.

Ástæða: Að koma tæknilegum málefnum er varða íþróttina meira undir starfssvið fagfólks eins og gert er í öðrum sérsamböndum og að virkja fagfólk betur í starfsemi ÍSS.

Grein II

Verkefni fastanefnda.

Helstu verkefni fastanefnda ÍSS skulu vera sem hér segir:

1. Val-/Afreksnefnd ber ábyrgð á vali á landsliði og viðmiða til vals á landsliði með samykki stjórnar ÍSS. Nefndin skal skipuð einstaklingum óháðum einstökum keppendum eða félögum og starfa skv. reglugerð um afreksnefnd.
2. Dómara- og tækninefnd ber ábyrgð á málefnum dómgæslu og dómaraferfa sem og námskeiðum fyrir dómara í samstarfi við stjórn ÍSS.
3. Laganevnd skal vinna að endurskoðun laga og reglugerða og skal skipuð af stjórn ÍSS skv. reglugerð.
4. Þjálfaranevnd sér um keppniskröfur ÍSS, markmiðssetningu íþróttarinnar sem og námskeiðum fyrir þjálfara í samstarfi við stjórn ÍSS. Þjálfaranevnd ber ábyrgð á afreksþjálfun skautara s.s. æfingabúðum fyrir landslið eða sérverkefni.

Að auki geta nefndir ályktað um einstaka málefni er upp gætu komið á starfstíma þeirra stjórn ÍSS til ráðgjafar.

Nánari verklýsingu nefnda skal setja í reglugerðum.

Ástæða: Að setja í lög verkaskiptingu fagnefnda. (ATH. hangir með tillögu I)

Grein III

Vanhæfi

Einstaklingi í trúnaðar- og ábyrgðarstöðum innan ÍSS ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls er varðar hann eða nána venslamenn hans. Skal það fara að sjónarmiði Siðareglna ISU og íþróttahreyfingarinnar á Íslandi (ÍSÍ).

Ástæða: *Eykur trúverðugleika og eflir traust.*

10. Grein

Stjórn

Stjórn sambandsins skal skipuð fimm einstaklingum og tveimur til vara. Formaðurinn er kosinn sérstaklega á skautapingi en aðrir skipta með sér embættum, varaformaður, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi. Varastjórn er kosin sérstaklega.

Kjörnefnd birtir lista fjórum vikum fyrir þing af tillögum um formann, stjórn ÍSS , aðalmenn og varamenn og formenn fastanefnda. Almennur framboðsfrestur rennur út þremur vikum fyrir þing en einnig er leyfilegt að bjóða sig fram á skautapingi.

Tillögur kjörnefndar er ekki borin upp til kosninga í heild sinni heldur formaður first, síðan aðalmenn og síðast varamenn. Ef fleiri framboð berast en tillögur kjörnefndar skal kosið milli framboða. Tillögur um formenn fastanefnda skal kosið sér.

Ástæða: Gefa þarf kjörbréfshöfum nægan tíma til að kynna sér þá sem í framboði eru og málefni þeirra. Sett upp vegna athugasemda sem bornar voru upp af þingforseta á síðasta skautapingi.

6. Grein

Skautapíng

Skautapíngið fer með æðsta vald í málefnum ÍSS. Þingið sitja fulltrúar frá þeim íþróttabandalögum og héraðssamböndum sem mynda ÍSS.

Þingið skal haldið annað hvert ár í apríl eða maí. Skal boða það bréflaga með minnst 1 mánaðar fyrirvara.

Málefni sem sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu skulu tilkynnt stjórn ÍSS minnst 3 vikum fyrir þingið.

Þá skal stjórn ÍSS tilkynna sambandsaðilum tillögur kjörnefndar 25 dögum fyrir þing. Tilkynna skal dagskrá þingsins ásamt tillögum, öðrum framboðum og lagabreytingum sem borist hafa stjórn ÍSS í síðasta lagi 14 dögum fyrir þing.

Skautapíngið er lögmeitt ef löglega hefur verið til þess boðað.

Á skautapíngi hafa kjörnir fulltrúar einir atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt.

- a) Stjórn ÍSS, varastjórn og endurskoðendur.
- b) Framkvæmdastjórn ÍSÍ.
- c) Fastráðnir starfsmenn ÍSS og ÍSÍ.
- d) **Nefndarmenn fastanefnda ÍSS.**
- e) Stjórnir héraðssambanda
- f) Stjórn ÍSS getur auk þess boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.
- g) Heiðursfélagar ÍSS.

Ástæða:

Liður 4. málsgrein. Framboðum bætt við í tilkynningalista og hangir með breytingatillögu að 10. grein.

Liður d) Viðbót og hangir með breytingatillögu I og II. Eykur viðveru og þátttöku fagfólks í skautapíngi. Aðrir liðir hafa verið færðir niður.

8. Grein

Dagskrá skautapings skal vera:

1. Þingsetning
2. Kosning þriggja manna kjörbréfanefnd.
3. Kosning þingforseta.
4. Kosning þingritara.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Endurskoðaðir reikningar sambandsins lagðir fram.
7. Umræður og samþykkt reikninga.
8. Ávarp gesta.
9. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram.
10. Kosning þingnefnda.
11. Lagabreytingatillögur.
12. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði.
13. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið ef þingmeirhluti leyfir.
14. Nefndir starfa.
15. Nefndir gera grein fyrir störfum sínum.
16. Umræður um tillögur nefnda og atkvæðagreiðslur um þær.
17. Kosning stjórnar og varastjórnar, skv. 10.gr.
18. **Kosning formanna fastanefnda.**
19. Kosning tveir skoðunarmenn reikninga.
20. Kosning fulltrúa á Íþróttaping ÍSÍ, skv. lögum ÍSÍ, á því ári sem Íþróttaping ÍSÍ fer fram.
21. Þingslit.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála, nema annað segi í lögum þessum.

Til breytinga á lögum þarf samþykki 2/3 hluta atkvæðisbærra fulltrúa.

Ástæða: Hangir með tillögu I og II. Koma þarf kosningu formanna fastanefnda inn í dagskrá skautapings.